

Miðvikudaginn 14. febrúar 1990.

Nr. 177/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Donnie Stewart**

(Jónatan Sveinsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu,  
lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. apríl 1989 og jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákærvalds er þess nú krafist, að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði úr gildi felldur svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar og að málið sæti heimvísun til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er varðar ákærða Donnie Stewart, en meðákærði unir héraðsdómi.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar verði felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Sakarefni máls þessa var rannsakað af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík dagana 25.-27. maí 1988. Í sakadómi Keflavíkurflugvallar 28. s.m. var þess krafist, að ákærði Donnie Stewart sætti gæsluvarðhaldi í 7 daga. Með úrskurði, uppkveðnum sama dag, var krafan tekin til greina. Ákærði skaut úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 1. júní 1988. Frekari lögreglurannsókn fór fram í Keflavík. Síðan sendi bæjarfógetinn í Keflavík lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli gögn málsins. Fór framhaldsrannsókn fram hjá rannsóknarlögreglunni á Keflavíkurflugvelli 3. júní 1988.

Sævar Lýðsson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, en lögreglustjórinn

er jafnframt héraðsdómari þar. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. f.m. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og framangreindum fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti á máli ákærða. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 9. febrúar 1989 að því er ákærða Donnie Stewart varðar.

Allur áfallinn sakarkostnaður í héraði varðandi ákærða Donnie Stewart, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Óskars Magnússonar héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða eins og í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur að því er ákærða Donnie Stewart varðar, svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar frá og með 9. febrúar 1989, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfallinn sakarkostnaður málsins í héraði varðandi ákærða Donnie Stewart greiðist úr ríkissjóði, svo og allur áfrýjunarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

#### **Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 30. mars 1989.**

Ár 1989, fimmtudaginn 30. mars, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem háður var í lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli af Sævari Lýðssyni ftr., kveðinn upp dómur í máli nr. 566/88: Ákærvaldið gegn Donnie Stewart og X, sem tekið var til dóms 9. mars 1989 að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. júní 1988, gegn ákærðum „Donnie Stewart, fæddum 13. júní 1957, og X [...], báðum fæddum í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sjóliðum í herliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til heimilis þar í byggingu nr. 753, fyrir skirlífisbrot með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988 að Hafnargötu 78 í Keflavík báðir haft samræði við stúlkuna Y, fædda [...] 1974.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði Donnie Stewart sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 1 mánuð.

Gæsluvarðhald í 16 daga dragist frá refsingu beggja.

Ákærði Donnie Stewart greiði skipuðum verjanda sínum, Óskari Magnússyni hdl., í málsvarnarlaun kr. 60.000.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl., í málsvarnarlaun kr. 60.000.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000 in solidum.

---